



E 3/2018

Fyrirspyrjandi Norræna sjálfbærninefndin
Til Ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Skrifleg fyrirspurn um rannsóknir á örplasti í drykkjarvatni

Fjöldi rannsókna bendir til að drykkjarvatn í mörgum löndum innihaldi plastagnir, eða örplast. Til dæmis sýnir rannsókn gerð af Orb Media¹ í mörgum löndum að 83% sýnanna eru menguð af örplasti. Einnig berast fréttir frá Norðurlöndum² sem benda til að Norðurlandabúar geti ekki komist hjá örplasti þegar þeir drekka vatn beint úr krananum. Venju samkvæmt þegar nýr vandi er mældur eru sett spurningamerki við mæliaðferðir og gæði rannsókna.

Með hliðsjón af framangreindu viljum við beina eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlanda:

1. Hefur verið hrint af stað eða ráðgera stjórnvöld að hrinta af stað rannsóknum til að kanna hvort örplast finnist í drykkjarvatni á Norðurlöndunum?
2. Fer fram samstarf milli Norðurlandanna um mæliaðferðir svo tryggja megi gæði og samanburðarhæfni niðurstaðna?

Stokkhólmi, 24. janúar 2018

Lars Tysklind,
formaður Norrænu
sjálfbærninefndarinnar

Karin Gaardsted,
varaformaður Norrænu
sjálfbærninefndarinnar

¹ <https://www.dr.dk/nyheder/viden/miljoe/mikroplast-fundet-i-drikkevand-i-flere-lande>.

² <https://www.dr.dk/nyheder/viden/miljoe/mikroplast-fundet-i-dansk-drikkevand>.